| Kennari | Jóhann Björgvinsson | Sk.st. | JÓB |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í þessum áfanga öðlast nemandi þjálfun í rekstri vélbúnaðar. Öflun upplýsinga um ástand hans með mælitækjum. Þjálfun í mati á þeim upplýsingum, þ.e. samanburði mældra gilda við eðlilegt eða æskilegt ástand. Þjálfun í að taka ákvarðanir um viðbrögð ef niðurstöður geta tilefni til. Nemendur eiga að nýta sér námsefni undanfara, þekkingu í kælitækni og vélfræði með verklegum æfingum þar sem þeir framkvæma verklegar tilraunir sem hafa það hlutverk að auka skilning á einstökum þáttum fræðigreinarinnar.

Markmið:

- þekki varmajöfnuð á kælikerfi
- þekki varmajöfnuð á eimkerfi
- þekki bilanagreiningu í kælikerfi
- þekki nýtni og afldreifingu miðflóttakraftsdælu
- þekki aflnotkun og kennilínur miðflóttakraftsdælu
- þekki stillingu þensluloka og þrýstiliða kælikerfis
- þekki afkastastýringu kælikerfis með mótþrýstiloka
- þekki skrúfulínurit skips
- þekki álagslínurit aðalvélar skips

Nemandi þarf að vera búinn að prenta út verkefnin fyrir upphaf tíma. En röð verkefna fyrir hvern hóp verður tilbúin fyrir tímann.

Nemendur hafa tvær vikur til að skila verkefnum, en gert er ráð fyrir að nemandinn noti kennslustundina sem er á milli til að fá ráðleggingar ef hann þarf frekari upplýsingar um verkefnið. Falli niður kennslustund lengist skilatíminn um viku. Vegna þessa er ekki gefinn viðbótarfrestur nema í algerum undantekningartilfellum. Eftir að skilafrestur er útrunninn verður ekki tekið við verkefnum og fær þá nemandi 0 (núll) í einkunn fyrir viðkomandi verkefni.

Að æfingum loknum verður hverjum nemanda gefin einkunn fyrir skýrslugerðina og hafa þær 50% vægi í lokaeinkunn.

## Námsgögn:

Verklegar æfingar verða aðgengilegar á Moodle. Önnur námsgögn koma frá kennara.

## Námsmat og vægi námsþátta:

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Skriflegt | 90. mín, hefðbundið. | 50% |
| Verkefni | Allt að 8 skýrslur á önninn og gilda þær jafnt. | 50% |

***ATH: Lágmarkseinkunn er 4,5 á lokaprófi til að vetrareinkunn gildi***

## Verkefnaplan

| | |
|---|---|
| 1. lota.<br>Vika 2-6 | Verkefni 1-3 |
| 2. Lota.<br>Vika 6-11 | Verkefni 4-6 |
| 3. Lota<br>Vika 11-18 | Verkefni 7-8 |

**Við mat á skýrslum er fyrst og fremst tekið tillit til eftirfarandi atriða:**

1. Nákvæmni í aflestrum og rökréttrar úrvinnslu úr þeim, **60 %.**

2. Ályktana dregnum af rannsóknarniðurstöðum og skulu þær koma fram í eftirmála. Eftirmáli byggist á sjálfstæðu mati nemandans. Eftirmáli er ekki lýsing á framkvæmd verkefnis, **20 %.**

3. Frágangs og uppsetningu skýrslunnar, **20 %.**

Dagsetning: 05.01.2015

Jóhann Björgvinsson
Undirritun kennara

[signature]
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils